



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 9. nóvember 2012

Niðurstöður athugunar á verklagi Arion banka hf. er varðar flokkun viðskiptavina m.t.t. fjárfestaverndar.

Eins og fram kom í gagnsæistilkynningu sem birtist á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins þann 12. júlí 2012 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun er varðaði flokkun viðskiptavina og verklag Arion banka hf. Því tengt, í samræmi við 8. og 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. ákvæði laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglugerð 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Í gagnsæistilkynningunni kemur fram að í júní 2012 hafi Fjármálaeftirlitið sent Arion banka hf. endanlega niðurstöðu athugunarinnar ásamt kröfu um úrbætur. Að auki var bankanum gert að fela innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar að lútandi. Þá kemur fram að Fjármálaeftirlitið muni birta gagnsæistilkynningu á ný þegar skýrsla innri endurskoðanda Arion banka hf. um úrbætur liggur fyrir.

Skýrsla innri endurskoðanda barst Fjármálaeftirlitinu þann 31. ágúst 2012. Þar eru tilgreindar úrbætur sem bankinn hefur framkvæmt. Fjármálaeftirlitið telur að bankinn hafi brugðist á einn eða annan hátt við öllum þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.